

# Kynbótamat fyrir íslenskar kýr

- Gögn og líkön



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins  
3. útgáfa

## Inngangur

Kynbótamat fyrir íslenskar kýr er reiknað af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem er í eigu Bændasamtaka Íslands. Útgáfa þessa rits er innblásin af NAV<sup>1</sup> sem framkvæmir kynbótamat hjá sánskum, dönskum og finnskum nautgripum. Ritið á að lýsa aðferðum og líkönnum við framkvæmd matsins. Síðan í janúar 2022 hefur kynbótamat fyrir alla eiginleika verið reiknað í danska forritinu DMU<sup>2</sup>. Í október 2022 gerðist sá merkilegi atburður að allt kynbótamat í nautgriparækt var keyrt í fyrsta sinn með erfðamengjaúrvali og var það eitt stærsta framfaraskref í kynbótastarfi nautgriparæktarinnar frá upphafi. Huppa er veflægt skýrsluhaldskerfi og gagnagrunnur nautgriparæktarinnar í eigu Bændasamtaka Íslands.

Janúar 2024

Þórdís Þórarinsdóttir

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

---

<sup>1</sup> [https://www.nordicebv.info/wp-content/uploads/2020/12/NAV-routine-genetic-evaluation\\_CORRECmetabolic-efficiency-01102020.pdf](https://www.nordicebv.info/wp-content/uploads/2020/12/NAV-routine-genetic-evaluation_CORRECmetabolic-efficiency-01102020.pdf)

<sup>2</sup> [https://dmu.ghpc.au.dk/dmu/DMU/Doc/Current/dmuv6\\_guide.5.2.pdf](https://dmu.ghpc.au.dk/dmu/DMU/Doc/Current/dmuv6_guide.5.2.pdf)


# Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Heildarkynbótaeinkunn .....	4
Heildarkynbótaeinkunn og vægi eiginleika:.....	4
Skölun einkunna .....	5
Erfðamengjaúrval .....	5
Afurðir og frumutala .....	5
Gögn .....	5
Eiginleikar .....	6
Gagnahreinsun.....	6
Kynbótamat .....	6
Líkan.....	6
Heildarmat mjaltaskeiðs .....	7
Prótein- og fituhlutfall .....	7
Úthaldseiginleikar .....	7
Erfðastuðlar .....	7
Afurðaeinkunnir .....	8
Frjósemi.....	9
Gögn .....	9
Eiginleikar .....	9
Gagnahreinsun.....	9
Kynbótamat .....	10
Líkan.....	10
Erfðastuðlar .....	10
Frjósemiseinkunn .....	11
Sköpulag, mjaltir og skap.....	11
Gögn .....	11
Eiginleikar .....	11
Gagnahreinsun.....	12

Kynbótamat .....	12
Líkön .....	12
Erfðastuðlar .....	13
Sköpulagseinkunnir .....	14
Heildarspenaeinkunn .....	15
Mjalta- og gæðaröð .....	15
Gögn .....	15
Eiginleikar .....	15
Kynbótamat .....	16
Líkan .....	16
Erfðastuðlar .....	16
Ending .....	16
Gögn .....	16
Eiginleikar .....	16
Gagnahreinsun .....	17
Kynbótamat .....	17
Líkan .....	17
Erfðastuðlar .....	17
Lifun kálfa og gangur burðar .....	18
Gögn .....	18
Eiginleikar .....	18
Gagnahreinsun .....	18
Kynbótamat .....	18
Líkan .....	19
Erfðastuðlar .....	20
Samsettar einkunnir .....	20

# Heildarkynbótaeinkunn

Þegar búið er að meta kynbótaeinkunnir fyrir alla eiginleika eru veginir saman ákveðnir eiginleikar til að mynda heildareinkunn. Vægi eiginleika í heildareinkunn hefur verið byggt á hagrænu vægi síðan 2019<sup>3</sup>. Tekið er mið af ræktunarmarkmiði íslenskra kúa við val eiginleikanna<sup>4</sup>. Vegna upptöku erfðamengjaúrval haustið 2022 ákvað fagráð í nautgriparaðkt að reikna ætti sömu heildareinkunn fyrir alla gripi, en áður hafði eiginleikinn *ending* vegið 10% í einkunum afkvæmaprófaðra nauta en 0% hjá öðrum gripum.



## Heildarkynbótaeinkunn og vægi eiginleika:

Eiginleikar	Hlutfall í heildareinkunn	Undireiginleikar eiginleika	Hlutfall í eiginleika	Hlutfall undireiginleika í heilda einkunn
Afurðir	36%	<i>Fita kg</i>	47%	16.9%
		<i>Prótein kg</i>	48%	17.3%
		<i>Prótein %</i>	5%	1.8%
Frjósemi	10%	<i>Fanghlutfall 1. sæðing kvíkur</i>	20%	2.0%
		<i>Bil burður að 1. sæðingu</i>	30%	3.0%
		<i>Bil 1. sæðing - síðasta sæðing</i>	50%	5.0%
Frumutala	8%	<i>1. mjaltaskeið</i>	50%	4.0%
		<i>2. mjaltaskeið</i>	30%	2.4%
		<i>3. mjaltaskeið</i>	20%	1.6%
Júgur	10%	<i>Júgurfesta (línuleg einkunn)</i>	35%	3.5%
		<i>Júgurband (línuleg einkunn)</i>	15%	1.5%
		<i>Júgurdýpt (línuleg einkunn)</i>	50%	5.0%
Spenar	10%	<i>Spenalengd (línuleg einkunn)</i>	30%	3.0%
		<i>Spenabykkt (línuleg einkunn)</i>	30%	3.0%
		<i>Spenastaða (línuleg einkunn)</i>	40%	4.0%
Mjaltir	8%	<i>Mjaltir (línuleg einkunn)</i>	60%	4.8%
		<i>Mjaltaröð (úr mjaltaskoðun)</i>	40%	3.2%
Skap	8%	<i>Skap (línuleg einkunn)</i>	8%	8.0%
Ending	10%	<i>Dagar 1. burður - lok 3. mjalt</i>	10%	10.0%
	100%			100%

<sup>3</sup>[https://www.rml.is/static/files/Nautgriparaekt/Fagrad/verkefni/hagraent\\_vaegi\\_eiginleika\\_nautgriparaekt.pdf](https://www.rml.is/static/files/Nautgriparaekt/Fagrad/verkefni/hagraent_vaegi_eiginleika_nautgriparaekt.pdf)

<sup>4</sup><https://www.rml.is/is/kynbotastarf/nautgriparaekt/raektunarmarkmid-f-isl-kuakynid>

## Skölun einkunna

Þegar kynbótamat allra eiginleika hefur verið reiknað í DMU er matið staðlað þannig að meðaltal einkunna er 100 og staðalfrávik er 10. Árgangur kúa með eigin mælingar fyrir hvern eiginleika fæddar 5 árum áður en kynbótamatið er framkvæmt er notaður til skölunar.

$$Sköluð einkunn = 100 + \frac{einkunn - meðaltal\_skölunnarhóps}{Staðalfrávik\_skölunnarhóps} * 10$$

## Erfðamengjaúrval

Eftir margra ára vinnu og undirbúning var byrjað að reikna „erfðamat“ fyrir alla eiginleika í október 2022. Þ.e. svokallað erfðamengjaúrval og gögn um arfgerðir gripa er notað við útreikningana.

Erfðamengisúrval hefur verið stundað með góðum árangri í öðrum löndum og skilað gríðarmikilli aukningu á erfðaframförum. Án þess að kafa djúpt í tæknileg smáatriði má segja að genómískt kynbótamat sé frábrugðið því hefðbundna að því leyti að arfgerðir eru notaðar til að meta skyldleika á milli gripa í stað ættartölu. Þörf er á að arfgreina viðmiðunarhóp sem tengir arfgreiningar við frammistöðu gripanna. Tölfræðilíkön kynbótamatsins eru svo „þjálfuð“ til þess að meta kynbótagildi gripa í stofninum. Viðmiðunarhópnum þarf síðan að viðhalda um ókomna tíð þannig að hann sé sem skyldastur stofninum á hverjum tíma. Notkun erfðamengisúrvals eykur öryggi kynbótamatsins fyrir arfgreinda gripi en öryggi matsins eykst ekki fyrir óarfgreinda gripi.

Hægt er að lesa meira um upptöku erfðamengjaúrvals í pistlum og fréttum birtum á heimasíðu RML og í Nautaskránni sem gefin var út í nóvember 2022.

## Afurðir og frumutala

Kynbótaeinkunn fyrir afurðir lýsir mögulegri erfðafræðilegri getu til að framleiða sem mest magn verðefna, það er mjólkurfitu og -próteins. Kynbótamat fyrir afurðir og frumutölu hefur verið byggt á mælidagalíkani síðan 2019. Aðferðir eru byggðar á meistaraverkefni Jóns Hjalta Eiríkssonar<sup>5</sup> og voru seinna aðlagaðar eftir rannsóknir hjá Agli Gautasyni<sup>6</sup>.

## Gögn

Kynbótamat fyrir mjólkur-, fitu- og próteinmagn, ásamt fitu- og próteinhlutfalli er byggt á gögnum úr Huppu sem innihalda mælingar á dagsnyt og efnahlutföllum. Elstu gögnin eru frá 1995. Kynbótamat fyrir úthaldseiginleika er byggt á mati á úthaldi á mjaltakúrfum fyrir mjólkur-, fitu- og próteinmagn.

<sup>5</sup> [https://ias.is/wp-content/uploads/2019/03/IAS-2019-1-JHEiriksson\\_ASigurdsson\\_GJohannesson\\_EEythorsdottir-002.pdf](https://ias.is/wp-content/uploads/2019/03/IAS-2019-1-JHEiriksson_ASigurdsson_GJohannesson_EEythorsdottir-002.pdf)

<sup>6</sup> <https://academic.oup.com/jas/article-abstract/99/7/skab139/6263455?redirectedFrom=fulltext>

## Eiginleikar

Kynbótamat er reiknað fyrir eftirfarandi eiginleika á 1., 2. og 3. mjaltaskeiði:

*Mjólkurmagn*

*Fitumagn*

*Próteinmagn*

*Fituhlutfall*

*Próteinhlutfall*

*Frumutala*

*Mjólkurúthald*

*Fituúthald*

*Próteinúthald*

## Gagnahreinsun

Einungis mælingar sem uppfylla þessi skilyrði eru notaðar:

- Mjólk 1-55 kg
- Dagar frá burði til mælingar 5-305
- Burðaraldur við fyrsta burð 540-1350 dagar
- Burðaraldur við annan burð 840-1800 dagar
- Burðaraldur við þriðja burð 1140-2250 dagar
- Burður skráður fyrir 1995 (stilt í control)
- >1 mælingar á mjaltaskeiði og öllum á undan
- <12 mælingar á mjaltaskeiði
- Ekki séu fleiri en ein mæling sama dag. Ef svo er er meðaltal notað.
- Til þess að efna- og frumutölumælingar séu teknar með er auk þess krafa um að:
  - Fituafurðir 0,05-3 kg
  - Próteinafurðir 0,05-2,4
  - Fituhlutfall 2-8%
  - Próteinhlutfall 2-6%
  - Frumutala á bilinu 1-10000

## Kynbótamat

Við afurðakynbótamat eru notuð fjölbreytu-einstaklings-líkön með slembiaðhvarfi. Hver flokkur eiginleika er metinn sér. Afurðalíkönin er flókin, hægt að lesa nánari lýsingar á þeim í greinum eftir Jón Hjalta Eiríksson og Egil Gautason.

## Líkan

### Líkan for mjólkurmagn, fitumagn og próteinmagn:

*Bú x ár*

*Föst hrif*

*Burðaraldur*

*Föst hrif*

*Mánuður mælidags*

*Föst hrif*

<i>Bú x mælidagur</i>	<i>Slembihrif</i>
<i>Meðal mjaltaferill (fjölliða)<sup>7</sup></i>	<i>Fast aðhvarf</i>
<i>Varanleg umhverfisáhrif (fjölliða)</i>	<i>Slembihrif</i>
<i>Hlutdeild draugahópa í einstaklingi<sup>8</sup></i>	<i>Aðhvarf</i>
<i>Samleggjandi erfðaáhrif einstaklings (fjölliða)</i>	<i>Slembihrif</i>

## Heildarmat mjaltaskeiðs

Til að mynda heildarkynbótamat fyrir mjaltaskeið eru daglegt kynbótamat yfir daga 5 – 296 af mjaltaskeiði lagt saman.

### Prótein- og fituhlutfall

Haustið 2023 voru gerðar breytingar á útreikningum á kynbótamati fyrir prótein- og fituhluföll. Fyrirmynndin er sótt til norræna kynbótamatsins, þ.e. þeirra aðferða sem notaðar eru í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Nú er mat fyrir próteinhlutfall reiknað út frá hlutfalli próteins og mjólkurskeiðsafurða á eftirfarandi hátt:

**Kynbótamat PRÓT% = (Kynbótamat PRÓT KG + meðalafurðir í kg próteins) / (Kynbótamat MJÓLK KG + meðalafurðir í kg mjólkur)) \* 100**

Kynbótamat fyrir fituhlutfall er síðan reiknað á sama hátt.

### Úthaldseiginleikar

Kynbótamat fyrir úthaldseiginleika á að lýsa magni af mjólk/fitu/próteini sem tapast eða ávinnst vegna lögunar mjaltakúrfunnar yfir mjaltaskeiðið. Tapið/ávinningurinn er reiknað þannig að kynbótamat fyrir afurðamagn á degi 50 er margfaldað með 200 til að útbúa fræðilega 200 daga afkastagetu ef mjaltakúrfan helst stöðug. Síðan er raun-erfafræðileg mjaltakúrfa notuð til að reikna 200 daga afurðamagn frá degi 50. Mismunurinn á þessum tveimur stærðum er notaður til að meta kynbótaeinkunnir fyrir úthald.

### Erfðastuðlar

**Arfgengi (hornalína), erfðafylgni (ofan hornalínu) og fylgni leifa (e. residual) (neðan hornalínu).**

	<i>Mjólk kg 1</i>	<i>Mjólk kg 2</i>	<i>Mjólk kg 3</i>
<i>Mjólk kg 1</i>	<b>0,41</b>	0,96	0,91
<i>Mjólk kg 2</i>	0,36	<b>0,32</b>	0,97

<sup>7</sup> Ekki verður gerð tilraun til útskýra fjölliðurnar hér. Hægt að lesa greinar eftir JHE og EG.

<sup>8</sup> Hópar óþekktra foreldra

<i>Mjólk kg 3</i>	0,26	0,40	<b>0,31</b>
-------------------	------	------	-------------

	<i>Fita kg 1</i>	<i>Fita kg 2</i>	<i>Fita kg 3</i>
<i>Fita kg 1</i>	<b>0,32</b>	0,95	0,90
<i>Fita kg 2</i>	0,34	<b>0,26</b>	0,96
<i>Fita kg 3</i>	0,23	0,36	<b>0,30</b>

	<i>Prótein kg 1</i>	<i>Prótein kg 2</i>	<i>Prótein kg 3</i>
<i>Prótein kg 1</i>	<b>0,39</b>	0,96	0,90
<i>Prótein kg 2</i>	0,40	<b>0,32</b>	0,95
<i>Prótein kg 3</i>	0,28	0,44	<b>0,32</b>

	<i>Frumutala 1</i>	<i>Frumutala 2</i>	<i>Frumutala 3</i>
<i>Frumutala 1</i>	<b>0,23</b>	0,87	0,70
<i>Frumutala 2</i>	0,36	<b>0,23</b>	0,85
<i>Frumutala 3</i>	0,21	0,41	<b>0,21</b>

## Afurðaeinkunnir

Kynbótamat einstakra eiginleika er vegið saman til að fá eftirfarandi eiginleika:

$$\text{Mjólkurmagn heild} = \underline{1. \text{ mjaltaskeið}} * 0,5 + \underline{2. \text{ mjaltaskeið}} * 0,3 + \underline{3. \text{ mjaltaskeið}} * 0,2$$

Sömu hlutföll mjaltaskeiða eru notuð til að fá heildareinkunnir fyrir:

*Próteinmagn, fitumagn, próteinhlutfall, fituhlutfall, mjólkurúthald, próteinúthald, fituúthald og frumutölu.*

Að lokum er reiknuð heildarafurðaeinkunn:

$$\text{Afurðir heildareinkunn} = \underline{\text{Fitumagn}} * 0,47 + \underline{\text{próteinmagn}} * 0,48 + \underline{\text{próteinhlutfall}} * 0,05$$

# Frjósemi

Frá árinu 2021 hefur kynbótamat fyrir frjósemi verið byggt á meistaraverkefni Þórdíssar Þórarinsdóttur<sup>9</sup>. Einkunn fyrir frjósemi lýsir eiginleika kúa til að hefja beiðsli eftir burð og eiginleika kúa og kvígna til að festa fang eftir að sæðingar hefjast.

## Gögn

### Eiginleikar

Sæðingagögn úr Huppu-gagnagrunninum eru notuð til að búa til eftirfarandi frjósemiseiginleika.

- Fanglutfall fyrstu sæðingar, kvíkur (**FFS0**)
- Bil frá burði að fyrst sæðingu, fyrstu 3 mjaltaskeiðin (**BBFS 1-3**)
- Bil frá fyrstu að seinstu sæðingu, fyrstu 3 mjaltaskeiðin (**BFSS 1-3**)

### Gagnahreinsun

Aðeins eru notuð gögn um sæðingar eftir 1. janúar 2008. Eldri gögn eru ekki áreiðanleg.

#### Skilyrði frjósemisgagna:

- Aldur við fyrstu sæðingu, kvíkur: 270-900 dagar
- Aldur við fyrsta burð: 550-1100 dagar
- **BFSS:** 0-365 dagar
- **BBFS:** 20-230 dagar
- Meðgöngulengd: 260-302 dagar
- Fjöldi sæðinga: 1-8 á hverju mjaltaskeiði
- Sæðingar með athugasemdum eru fjarlægðar
- Búsnúmer verður að vera til staðar
- Fæðingardagur verður að vera til staðar
- Mælingar fyrir seinni mjaltaskeið voru fjarlægðar ef upplýsingar um fyrrri mjaltaskeið voru ekki með.

#### Skilgreining á **FSSK**:

Ef **BFSS** er 0-5 dagar og kvígan er með skráðan burð 260-302 dögum seinna þá er **FSSK** = 1. Ef **BFSS** er 6+ dagar og kvígan er með skráðan burð 260-302 dögum seinna þá er **FSSK** = 0. Ef kvígan var sædd a.m.k. einu sinni og ber ekki þá er **FSSK** = 0.

<sup>9</sup> <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1871141321002365?via%3Dihub>

# Kynbótamat

## Líkan

Við kynbótamat í frjósemi er notað fjölbreytu-einstaklings-líkön. Hver eiginleiki er metinn sér.

### Líkan for FSSK:

<i>Búsnúmer x fæðingarár</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Aldur við fyrstu sæðingu (mánuðir)</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Sæðingar ár x sæðingar mánuður</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Frjótæknir fyrstu sæðingar</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hlutdeild draugahópa í einstaklingi<sup>10</sup></i>	<i>Aðhvarf</i>
<i>Einstaklingur</i>	<i>Slembihrif</i>

### Líkan fyrir BBFS og BFSS:

<i>Búsnúmer x burðarrár</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Aldur við fyrsta burð (mánuðir)</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Sæðingar ár x sæðingar mánuður</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hlutdeild draugahópa í einstaklingi<sup>11</sup></i>	<i>Aðhvarf</i>
<i>Einstaklingur</i>	<i>Slembihrif</i>

## Erfðastuðlar

**Arfgengi (hornalína)**, erfðafylgni (ofan hornalínu) og fylgni leifa (e. residual) (neðan hornalínu) .

Fanghlutfall 1. sæðing kvígur og 1. - 2. og 3. mjalt.				
	FFS0	FFS1	FFS2	FFS3
<i>FFS0</i>	<b>0,016</b>	0,5954	0,4388	0,4032
<i>FFS1</i>	0,0059	<b>0,020</b>	0,3608	0,3651
<i>FFS2</i>	-0,0021	0,0237	<b>0,021</b>	0,9084
<i>FFS3</i>	-0,0082	0,0134	0,0191	<b>0,027</b>

Bil burður að 1. sæðingu, 1. - 2. og 3. mjalt.			
	BBFS1	BBFS2	BBFS3
<i>BBFS1</i>	<b>0,055</b>	0,957	0,951
<i>BBFS2</i>	0,048	<b>0,081</b>	0,878
<i>BBFS3</i>	0,023	0,080	<b>0,042</b>

<sup>10</sup> Hópar óbekktra foreldra

<sup>11</sup> Hópar óbekktra foreldra

Bil 1. sæðing að síðustu sæðingu, kvíkur og 1. - 2. og 3. mjalt.				
	BFSS0	BFSS1	BFSS2	BFSS3
<b>BFSS0</b>	<b>0,01</b>	0,3505	0,4433	0,2265
<b>BFSS1</b>	0,0018	<b>0,025</b>	0,8151	0,5155
<b>BFSS2</b>	0,0266	0,0429	<b>0,017</b>	0,7881
<b>BFSS3</b>	0,028	-0,0096	0,048	<b>0,025</b>

## Frjósemiseinkunn

Kynbótamat eiginleikanna er vegið saman til að mynda eftirfarandi frjósemiseinkunnir:

$$\text{BBFS} = \text{BBFS-1} * 0,5 + \text{BBFS-2} * 0,3 + \text{BBFS-3} * 0,2$$

$$\text{BFSS} = \text{BFSS -1} * 0,5 + \text{BFSS -2} * 0,3 + \text{BFSS -3} * 0,2$$

$$\text{Frjósemi} = \text{FFS0} * 0,2 + \text{BBFS} * 0,3 + \text{BFSS} * 0,5$$

## Sköpulag, mjaltir og skap

Sköpulagseiginleikar ásamt mjöltum og skapi eru metin á línulegum skala. Línulegt mat lýsir ekki gæðum heldur lýsir fremur líffræðilegum breytileika hvers eiginleika fyrir sig. Eiginleikunum eru gefnar einkunnir á bilinu 1-9, og sitt hvoru megin á skalanum eru ystu líffræðilegu mörk hvers eiginleika fyrir sig. Eiginleikarnir lýsa byggingu gripa; skrokk, fótstöðu, júgur- og spenagerð, ásamt mjöltum og skapi<sup>12</sup>.

## Gögn

Kúadómarar meta útlit kúnna á fyrsta og í einhverjum tilvikum öðru mjaltaskeiði en bóndi metur mjaltir og skap.

## Eiginleikar

<i>Boldýpt</i>	<i>Útlögur</i>	<i>Yfirlína</i>	<i>Hæð*</i>	<i>Holdastig*</i>
<i>Malarbreidd</i>	<i>Malahalli</i>	<i>Malabratti</i>		
<i>Staða hækla hlið</i>	<i>Staða hækla aftan</i>	<i>Klaufhalli</i>		
<i>Júgurfesta</i>	<i>Júgurband</i>	<i>Júgurdýpt</i>		
<i>Spenalengd</i>	<i>Spenabykkt</i>	<i>Spenastaða</i>		
<i>Mjaltir</i>	<i>Skap</i>			

<sup>12</sup> <https://www.rml.is/static/files/Nautgriparaekt/Kuaskodanir/utlitsdomar-a-kum-lysing.pdf>

\* stjörnnumerktir eiginleikar bættust við haustið/veturinn 2022

## Gagnahreinsun

Gripur verður að hafa einkunnir fyrir alla eiginleika (hæð og holdastig undanskilið). Einnig verða að vera upplýsingar um: fæðingardag, fyrsta burðardag, dagsetningu dóms og búsnúmer og dómara. Dómar eldri en 1. jan 2000 eru fjarlægðir.

## Kynbótamat

Við kynbótamat er notað fjölbreytu-einstaklings-líkön. Keyrslunum er skipt upp í nokkra hluta eftir eðli eiginleikana.

## Líkön

Á árinu 2022 byrjaði endurskoðun á líkönnum og erfðastuðlum sköpulagseiginleika. Þegar þessi bæklingur er skrifaður eru því sumir eiginleikar keyrðir samkvæmt gömul líkönnum og erfðastuðlum en búið er að uppfæra aðra. Líkön og erfðastuðlar fyrir júgur- og spenagerð er nú byggt á meistaraverkefni Önnu Guðrúnar Þórðardóttur<sup>13</sup>.

### Gamla líkanið fyrir sköpulagseiginleika:

Búsnúmer x dómsár	Föst hrif
Aldur við fyrsta burð (mánuðir)	Föst hrif
Mjaltaskeið	Föst hrif
Hlutdeild draugahópa í einstaklingi <sup>14</sup>	Aðhvarf
Einstaklingur	Slembihrif

### Líkan fyrir spena- og júgurgerð:

Búsnúmer x 5 ára tímabil fæðingarárs	Föst hrif
Búsnúmer x dómsár	Slembihrif
Aldur við fyrsta burð (mánuðir)	Föst hrif
Mjaltaskeið	Föst hrif
Vikur frá burði	Föst hrif
Dómari x dómsár	Slembihrif
Hlutdeild draugahópa í einstaklingi	Aðhvarf
Einstaklingur	Slembihrif

### Líkan fyrir hæð:

<sup>13</sup> <https://skemman.is/handle/1946/44453>

<sup>14</sup> Hópar óþekktra foreldra

<i>Búsnúmer x 5 ára tímabil fæðingarárs</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Búsnúmer x dómsár</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Aldur við fyrsta burð (mánuðir)</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Mjaltaskeið</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Dómari x dómsár</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hlutdeild draugahópa í einstaklingi</i>	<i>Aðhvarf</i>
<i>Einstaklingur</i>	<i>Slembihrif</i>

#### Líkan fyrir holdastig, mjaltir og skap:

<i>Búsnúmer x 5 ára tímabil fæðingarárs</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Búsnúmer x dómsár</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Aldur við fyrsta burð (mánuðir)</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Mjaltaskeið</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Vikur frá burði</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Dómari x dómsár</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hlutdeild draugahópa í einstaklingi</i>	<i>Aðhvarf</i>
<i>Einstaklingur</i>	<i>Slembihrif</i>

## Erfðastuðlar

**Arfgengi (hornalína), erfðafylgni (ofan hornalínu) og fylgni leifa (e. residual) (neðan hornalínu) .**

	Boldýpt	Útlögur	Yfirlína	Malabreidd	Malahalli	Malabratti
Boldýpt	<b>0,19</b>	0,91	-0,01	0,77	-0,17	0,24
Útlögur	0,53	<b>0,17</b>	-0,06	0,85	-0,26	0,42
Yfirlína	0,12	0,11	<b>0,18</b>	-0,19	0,18	0,16
Malabreidd	0,34	0,35	0,09	<b>0,23</b>	-0,34	0,51
Malahalli	-0,01	-0,08	0,06	-0,1	<b>0,2</b>	-0,56
Malabratti	0,07	0,16	0,15	0,28	-0,11	<b>0,11</b>

	Staða h.a.	Staða h.h.	Klaufhalli
Staða h.a.	<b>0,09</b>	-0,62	-0,6
Staða h.h.	-0,22	<b>0,08</b>	0,3
Klaufhalli	-0,25	0,2	<b>0,07</b>

	Júgurjafnvægi	Júgur-festa	Júgur-band	Júgur-dýpt
Júgurjafnvægi	0,11	-0,49	-0,44	-0,47
Júgurfesta	-0,15	0,19	0,45	0,85
Júgurband	-0,11	0,30	0,11	0,52
Júgurdýpt	-0,17	0,56	0,36	0,24

	Spenergerð	Spenalengd	Spenaþykkt	Spenastaða	Spenaoddur
Spenergerð	0,13	0,28	-0,03	0,06	0,65
Spenalengd	0,11	0,36	-0,22	0,23	0,45
Spenaþykkt	-0,09	-0,25	0,29	-0,01	0,33
Spenastaða	0,04	0,09	-0,02	0,16	0,01
Spenaoddur	0,23	0,14	0,06	0,02	0,12

Mjaltir	<b>0,41</b>
---------	-------------

Skap	<b>0,25</b>
------	-------------

Hæð	<b>0,39</b>
-----	-------------

Holdastig	<b>0,23</b>
-----------	-------------

## Sköpulagseinkunnir

Kynbótamat nokkrar eiginleika er vegið saman til að mynda eftirfarandi einkunnir sem eru svo vegnar saman í heildarkynbótaeinkunn gripa.

$$\text{Júgur} = \text{Júgurfesta} * 0,35 + \text{júgurband} * 0,15 + \text{júgurdýpt} * 0,5$$

$$\text{Spnar} = \text{Spenalengd} * 0,3 + \text{spenaþykkt} * 0,3 + \text{spenastaða} * 0,4$$

$$\text{Mjaltir} = \text{Mjaltir} * 0,6 + \text{mjaltaröð} * 0,4$$

Einnig eru nokkrir eiginleikar vegnar saman í Skrokkeinkunn, sem gildir þó ekkert í heildareinkunn:

$$\text{Skrokkur} = \text{Boldýpt} * 0,25 + \text{útlögur} * 0,25 + \text{yfirlína} * 0,2 + \text{malabreidd} * 0,3$$

## Heildarspenaeinkunn

Í júní 2022 var tekin í notkun ný heildarspenaeinkunn. Ný einkunn miðast við að kjörgildi spenalengdar sé 5,5, kjörgildi spenaþykktar sé 5 og kjörgildi spenastöðu sé 5. Gripir sem sýna sem minnst frávik frá þessum kjörgildum í kynbótmati fá hæstu einkunnirnar í nýrri heildarspenaeinkunn og gripir sem sýna frávik frá kjörgildum fá lægri einkunnir.

Svona er heildarspenaeinkunn reiknuð:

*Frávikseinkunnir fyrir spenalengd- þykkt- og stöðu eru reiknaðar:*

$$\text{Frávik} = \left( ((\text{kynbótamat} \times 0,5) + (\text{meðaltal_fenótýpa_skölunnarhóps} - \text{meðaltal_kynbótamats_skölunnarhóps}) - \text{kjörgildi}) \times \text{algildi} \times (-1) \right) \times \frac{\text{vægi_einkunnar_i_heildareinkunn}}{\text{staðalfrávik_skölunnarhóps}}$$

*Pví næst:*

**Heild** = Frávikseinkunn\_spenalengd + Frávikseinkunn\_spenaþykkt + Frávikseinkunn\_spenastaða

*Heildarspenaeinkunn sköluð:*

**Heild** =  $100 + 10 * (\text{heild} - \text{meðaltal_skölunnarhóps}) / \text{staðalfrávik_skölunnarhóps}$

## Mjalta- og gæðaröð

Kynbótamat er reiknað fyrir mjalta- og gæðaröð en upplýsingar um þessa eiginleika koma frá mjaltaathugunum sem skilað er í Huppu.

## Gögn

Í tengslum við útreikninga á kynbótamati eru búin til eyðublöð í HUPPU til þess að fylla út. Á hverju eyðublaði eru 5 kýr í hópi. Til þess að forritið búi til eyðublað fyrir einstök bú þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Á búinu séu að lágmarki fimm kýr á fyrsta mjaltaskeiði undan fimm mismunandi nautum.  
Aðeins má vera ein kýr undan hverju nauti í sama hópi.
2. Faðir kýrinnar verður að vera sæðinganaut eða upprunamerkt heimanaut. Kýr sem hafa ekki skráð faðerni í Huppu koma ekki til greina.

## Eiginleikar

Eyðublaðið er fyllt út á eftirfarandi hátt:

1. Mjaltaröð: 1-5\* eftir því hversu gott er að mjólka kýrnar.
2. Gæðaröð: 1-5\* eftir því hversu vel bóna líkar við kýrnar.

\*= 1 er best en 5 lakast

## Kynbótamat

### Líkan

#### Gamla líkanið fyrir sköpulagseiginleika:

Búsnúmer x dómsár	Föst hrif
Búsnúmer x fæðingarár	Föst hrif
Hlutdeild draugahópa í einstaklingi <sup>15</sup>	Aðhvarf
Einstaklingur	Slembihrif

### Erfðastuðlar

Arfgengi (hornalína), erfðafylgni (ofan hornalínu) og fylgni leifa (e. residual) (neðan hornalínu).

	Mjaltaröð	Gæðaröð
Mjaltaröð	0,26	0,0
Gæðaröð	0,0	0,22

### Ending

Nýr eiginleiki fyrir endingu var tekin upp 2022 að fyrirmund frá NAV. Endingareinkunn lýsir eiginleika dætra nauta til að lifa af. *Eiginleikinn L3 er tekinn inn í heildareinkunn.*

### Gögn

#### Eiginleikar

Prír eiginleikar eru skilgreindir:

L1	Dagar frá 1. burði þar til 1. mjaltaskeiði lýkur – hámark 365 dagar
L2	Dagar frá 1. burði þar til 2. mjaltaskeiði lýkur – hámark 365 dagar per mjaltaskeið
L3	Dagar frá 1. burði þar til 3. mjaltaskeiði lýkur – hámark 365 dagar per mjaltaskeið

Til þess að eiginleiki sé meðtalinn í gögnum þarf kýrin að hafa fengið tækifæri til að fá skráningu.

<sup>15</sup> Hópar óþekktra foreldra

## Gagnahreinsun

Það eru meðtaldir að hámarki **365** dagar af hverju mjaltaskeiði. Ef kýr lifir af mjaltaskeið og ber aftur fær hún því úthlutað 365 dögum fyrir fyrra mjaltaskeið. Ef kúnni er fargað eða hún drepst á miðju mjaltaskeiði eru einungis þeir dagar taldir með á því skeiði. Því eru gildi eiginleikanna að hámarki **365, 730 og 1095 dagar** og einungis færri ef kúnni er fargað á miðju skeiði. Kúm sem halda fljótt er með þessu fyrirkomulagi ekki refsað og kúm sem halda seint er heldur ekki hampað. Allar kýr í gagnasafninu þurfa að hafa borið a.m.k. einu sinni og fá gildi fyrir L1.

Aldur við fyrsta burð þarf að vera á bilinu 450 – 1280 dagar.

Upplýsingar um búsnúmer og fæðingardag þurfa að vera til staðar.

## Kynbótamat

Við kynbótamat er notað fjölbreytu-einstaklings-líkan þar sem þrír eiginleikar eru metnir saman.

## Líkan

### Líkan fyrir endingu:

<i>Aldur við fyrsta burð (mánuðir)</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Ár x mánuður 1. Burðar</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hjörð x 5 ára tímabil fæðingardags</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hjörð x ár 1. burðar</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hlutdeild draugahópa í einstaklingi<sup>16</sup></i>	<i>Aðhvarf</i>
<i>Einstaklingur</i>	<i>Slembihrif</i>

## Erfðastuðlar

**Arfgengi (hornalína), erfðafylgni (ofan hornalínu) og fylgni leifa (e. residual) (neðan hornalínu).**

	L1	L2	L3
L1	<b>0,045</b>	0,60	0,53
L2	-0,02	<b>0,058</b>	0,78
L3	-0,02	-0,04	<b>0,075</b>

<sup>16</sup> Hópar óþekktra foreldra

# Lifun kálfa og gangur burðar

Í lok árs 2023 var birt í fyrsta sinn kynbótamat fyrir eiginleikana **lifun kálfa (LK)** og **gangur burðar (GB)**. Matið þróað af Agli Gautasyni, lektor hjá LbhÍ. **LK** og **GB** gilda enn sem komið er ekkert í heildarkynbótaeinkunn gripa.

## Gögn

Mat fyrir *lifun kálfa (LK)* byggir á gögnum sem ná aftur til 2004 og flokkast mælingar í two flokka; dauðfæddir kálfar og kálfar sem fæðast lifandi. Í mati fyrir *gang burðar (GB)* eru til gögn frá árinu 2018 þegar byrjað var að safna upplýsingum um burðarerfiðleika í burðarskráningum gripa í Huppu og skiptist burðarerfiðleikaskráningin í fjóra flokka. Mat fyrir LK og GB skiptist í einkunnir fyrir *1) burð hjá 1. kálfs kvígum* og *2) burði hjá eldri kúm*. Að auki skiptist matið í einkunnir fyrir *mæðraáhrif* og *feðraáhrif/bein áhrif*. Ástæða þess er sú að við hvern burð fá tveir einstaklingar mælingu: Móðir kálfssins og kálfurinn sjálfur. Mæðraáhrif eru áhrif móður á burðinn en feðraáhrif/bein áhrif eru áhrif kálfssins á eigin fæðingu.

## Eiginleikar

Kynbótamat er reiknað fyrir 8 eiginleika:

<i>Lifun kálfa 1 feðraáhrif</i>	<i>Gangur burðar 1 feðraáhrif</i>
<i>Lifun kálfa 2 feðraáhrif</i>	<i>Gangur burðar 2 feðraáhrif</i>
<i>Lifun kálfa 1 mæðraáhrif</i>	<i>Gangur burðar 1 mæðraáhrif</i>
<i>Lifun kálfa 2 mæðraáhrif</i>	<i>Gangur burðar 2 mæðraáhrif</i>

## Gagnahreinsun

- Burðardagur verður að vera til staðar
- Búsnúmer verður að vera til staðar
- Tvíkelfingar fjarlægðir
- Burðir 1-3 einungis notaðir
- Fæðingarár móður > 1995
- Aldur við fyrsta burð: 20-36 mánuðir

## Kynbótamat

Við kynbótamat er notað fjölbreytu-einstaklings-líkan.

## Líkan

### Líkan fyrir LK 1:

<i>Aldur við fyrsta burð (mánuðir)</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Burðarmánuður</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hjörð x 5 ára tímabil burðardags</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Kyn kálfs</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hjörð x burðarár</i>	<i>Slembihrif</i>
<i>Hlutdeild draugahópa í einstaklingi<sup>17</sup></i>	<i>Aðhvarf</i>
<i>Móðir</i>	<i>Slembihrif</i>
<i>Kálfur</i>	<i>Slembihrif</i>

### Líkan fyrir LK 2:

<i>Númer mjaltaskeiðs</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Burðarmánuður</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hjörð x 5 ára tímabil burðardags</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Kyn kálfs</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hjörð x burðarár</i>	<i>Slembihrif</i>
<i>Hlutdeild draugahópa í einstaklingi</i>	<i>Aðhvarf</i>
<i>Móðir umhverfisáhrif (PE)</i>	<i>Slembihrif</i>
<i>Móðir</i>	<i>Slembihrif</i>
<i>Kálfur</i>	<i>Slembihrif</i>

### Líkan fyrir GB 1:

<i>Aldur við fyrsta burð (mánuðir)</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Burðarmánuður</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Kyn kálfs</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hjörð x burðarár</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hlutdeild draugahópa í einstaklingi</i>	<i>Aðhvarf</i>
<i>Móðir</i>	<i>Slembihrif</i>
<i>Kálfur</i>	<i>Slembihrif</i>

### Líkan fyrir GB 2:

<i>Númer mjaltaskeiðs</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Burðarmánuður</i>	<i>Föst hrif</i>

<sup>17</sup> Hópar óþekktra foreldra

<i>Kyn kálfss</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Hjörð x burðarár</i>	<i>Föst hrif</i>
<i>Slutdeild draugahópa í einstaklingi</i>	<i>Aðhvarf</i>
<i>Móðir umhverfisáhrif (PE)</i>	<i>Slembihrif</i>
<i>Móðir</i>	<i>Slembihrif</i>
<i>Kálfur</i>	<i>Slembihrif</i>

## Erfðastuðlar

**Arfgengi (hornalína), erfðafylgni (ofan hornalínu).**

### Lifun kálfa

	Bein áhrif		Mæðraáhrif	
	1	2	1	2
Bein áhrif 1	<b>0,09</b>	0,73	-0,10	0,01
Bein áhrif 2		<b>0,03</b>	0,02	-0,12
Mæðraáhrif 1			<b>0,07</b>	0,77
Mæðraáhrif 2				<b>0,01</b>

### Gangur burðar


	Bein áhrif		Mæðraáhrif	
	1	2	1	2
Bein áhrif 1	<b>0,24</b>	0,78	-0,35	-0,19
Bein áhrif 2		<b>0,09</b>	-0,34	-0,45
Mæðraáhrif 1			<b>0,16</b>	0,74
Mæðraáhrif 2				<b>0,06</b>

## Samsettar einkunnir

Til þess að gera matið skýrara í framsetningu, meðal annars, eru auk þess birtar tvær samsettar einkunnir: **Burður feðraáhrif (BFA)** og **burður mæðraáhrif (BMA)** (sjá mynd 1 hér fyrir neðan).

Ef litið er til þessara einkunna hjá sæðinganautum lýsir **BFA** getu afkvæma nautanna til að fæðast lifandi og auðveldlega. Því hærri einkunn, því meiri líkur á að kálfar undan viðkomandi nauti fæðist vandkvæðalaust og lifandi. Ef horft er á þessar einkunnir hjá kúm gildir í raun það sama, hærri einkunn þýðir meiri líkur á að kálfar sem kýrin eignast fæðist lifandi og án átaka vegna áhrifa kálfssins á eigin burð. Einkunn fyrir **BMA** lýsir getu dætra nautanna til að eignast lifandi kálfra á auðveldan hátt.

Því hærri einkunn, því meiri líkur á að dætur viðkomandi nauts muni bera lifandi kálfum án vandkvæða. Ef verið er að horfa á þessa einkunn hjá kum þýðir hærri einkunn meiri líkur á að kýrin beri lifandi kálfum vandkvæðalaust vegna eigin áhrifa á burðinn.



*Mynd 1 – Kynbótamatið fyrir „lifun kálfa“ og „gang burðar“ skiptist í átta undireinkunnir. Útbúnar hafa verið tvær samsettar einkunnir úr undireinkunnunum: Burður feðraáhrif og burður mæðraáhrif.*